

REGLUGERÐ

um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands starfar við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Viðskiptafræðistofnunar er:

1. Að vera vettvangur rannsókna í viðskiptafræðum og skyldum greinum á viðfangsefnum íslensks atvinnulífs.
2. Að annast þjónusturannsóknir, ráðgjöf og veita álitserðir.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum mönnum. Viðskipta- og hagfræðideild kys þrjá þeirra að fengnum tillögum viðskiptaskorar og einn samkvæmt tilnefningu nemenda í viðskiptaskor. Fulltrúar skorar eru kjörnir til tveggja ára og fulltrúi nemenda til eins árs.

Deildin kys formann stjórnar stofnunarinnar úr hópi fulltrúa viðskiptaskorar.

Stjórnin mótar stefnu stofnunarinnar, ræður vali verkefna, hefur umsjón með fjármálum hennar og gerir tillögur til deildar um fjárveitingar. Hún ræður forstöðumann, sem skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnar og daglegum rekstri stofnunarinnar. Stjórninni er heimilt að kveðja til ráðgjafanefndir um málefni stofnunarinnar.

Háskólinn sér starfsliði fyrir nauðsynlegri vinnuaðstöðu.

4. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns. Forstöðumaður á sæti á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Við Viðskiptafræðistofnun geta starfað:

1. Fastir kennar við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
2. Sérfræðingar sem stjórn stofnunarinnar heimilar.
3. Stúdentar og aðstoðarmenn.

6. gr.

Tekjur Viðskiptafræðistofnunar eru:

1. Greiðslur fyrir verkefni.
2. Styrkir til verkefna.
3. Fjárveitingar á fjárlögum.
4. Aðrar tekjur.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Arni Gunnarsson.